

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag Krýsuvíkur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 30. júní 2010 nýtt deiliskipulag fyrir rannsóknarborholur í Krýsuvík.

Tillagan felur í sér að gert er ráð fyrir 8.000 m² borteig innan deiliskipulagssvæðis með 3 borstæðum þar sem bora má allt að 3 rannsóknarborholur skv. uppdrætti dags. 24. nóvember 2009.

Farið var með deiliskipulagið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og bærust engar athugasemdir. Deiliskipulagið var yfirfarið af Skipulagsstofnun sem gerði ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 25. ágúst 2010,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2010